

Brynja Björk Birgisdóttir

5. 5. 2011

Alþingi
Erindi nr. P 139/2270
komudagur 5.5. 2011

Umsögn um:

þskj. 1150, 139.þ, 648. mál - Frumvarp til laga um Þjóðminjasafn Íslands

Um 3. gr.

Varðveisla og miðlun eru hlutverk safnsins skv. 1. málsgrein 3. greinar. Þjóðminjasafn Íslands er einnig rannsóknarstofnun sem ber að efla enn frekar.

Tillaga að breytingu á fyrstu málsgrein þar sem rannsóknum verði bætt inn í málsgreinina. „... varðveislu íslenskra menningarminja og rannsaka og miðla sögu þjóðarinnar.“

Lið c verði skipt í tvennt þar sem rannsóknir verði tilgreindar í eigin lið. Kynning og miðlun getur aldrei komið til nema undan fari rannsóknir.

Um 4.gr.

Að auki komi málsgrein um að safninu sé heimilt að taka gjald fyrir forvörslu aðra en þá sem lögbundin er.

Brynja B Birgisdóttir.